

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kambavað 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 20. nóvember 2014 breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar nr. 5 við Kambavað. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og breyting á fyrirkomulagi bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 21. apríl 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2015